

Formáli

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 er hér lögð fram.

Hveragerðisbær hefur staðið að afar mikilvægri og aðkallandi kerfis- og grunninnviðauppbýggingu frá upphafi kjörtímabilsins. Framlögð áætlun felur í sér áframhaldandi stórsókn í uppbyggingu Hveragerðisbæjar en gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting á árinu 2025 verði tæpar 1.028 milljónir króna.

Framlögð áætlun er rökrétt framhald af þessari vegferð og er rétt að vekja athygli á eftirfarandi atriðum í framlagðri fjárhagsáætlun ársins 2025 sem fela í sér næstu skref í þeirri vegferð að tryggja íbúum framúrskarandi þjónustu og lífsgæði í bæjarfélaginu:

Stórsókn í málefnum og uppbyggingu Grunnskólans í Hveragerði

Fyrst er hægt að nefna stórsókn í málefnum grunnskólans. Framkvæmdir við þriðja áfanga grunnskólans hafa gengið fram úr vonum á árinu 2024 og fyrir séð er að þeim muni ljúka á fyrri hluta komandi árs.

Framkvæmdirnar við þriðja áfanga fela í sér umfangsmiklar úrbætur á aðstöðu stoðþjónustu fyrir grunnskólabörn í Hveragerði með nýjum sérfræðirýmum fyrir m.a. þroskajálfa, talmeinafræðinga, hjúkrunarfræðinga og sérkennslu. Þessi rými hafa þegar verið tekin í notkun og er aðstaða stoðþjónustu fyrir grunnskólabörn í Hveragerði nú betri en nokkru sinni fyrr.

Þá hefur glæsilegt eldhús verið tekið í gagnið í grunnskólanum og verða nýr skólasalur og kennslurúmi tekin í gagnið fyrri hluta ársins 2025.

Ráðgert er að hönnun fjórða áfanga grunnskólans muni ljúka árið 2026.

Jafnframt hefur verið settur mikill kraftur í viðhaldsverkefni við skólann eins og gluggaskipti og nýtt loftræstikerfi, og áfram eru fyrirhugaðar umfangsmiklar viðhaldsfjárfestingar í skólanum árið 2025.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2025 að ráða inn heilt stöðugildi sem á að halda utan um fjölbreytta stuðningsþjónustu við nemendur í skólanum. g

Stórsókn í leikskólamálum

Ný viðbygging við Óskaland er á lokametrum framkvæmda. Þegar sú viðbygging er komin í gagnið opna þrjár nýjar leikskóladeildir í Hveragerði ásamt stórbætttri starfsmannaaðstöðu og er með henni svarað eftirspurn leikskólaplássa fyrir börn 12 mánaða og eldri. Fyrirséð er að öll börn 12 mánaða og eldri á biðlistum muni þannig fá boð um leikskólapláss á yfirstandandi vetri.

Þá verður lokið við hönnun nýs leikskóla í Kambalandi árið 2025 og er áætlað að fyrstu deildir hans opni árið 2027.

Stórsókn í uppbyggingu íþróttamannvirkja

Fok Hamarshallarinnar olli miklu þjónustufalli hjá þeim sem nýttu húsnæðið til íþróttaiðkunar. Það hefur skapað erfiða stöðu hjá Hamri og öðrum sem nýttu mannvirkið. Þar sem m.a. eru ekki öryggisforsendur fyrir nýrri uppblásinni höll var blásið til stórsóknar í uppbyggingu íþróttamannvirkja með öðrum hætti. Í áætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir verklokum á nýju fyrsta flokks gervigrasi, knattspyrnumannvirki í bestu gæðum. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýtt íþróttahús, viðbyggingu við eldra íþróttahúsið við Skólamörk, hefjist á árinu 2025. Starfandi er öflug byggingarnefnd, sem bæjarstjórn stofnaði til um í september 2024, sem fylgja mun framkvæmdinni til loka.

Þessar framkvæmdir marka mestu uppbyggingu íþróttamannvirkja í sögu Hveragerðisbæjar.

Stórsókn í kaupum á félagslegu húsnæði

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir kaupum á félagslegu húsnæði, rétt eins og á árinu 2024. Með áherslu á uppbyggingu á félagslegu húsnæði minnka biðlistar eftir slíku húsnæði og tryggir betur öllum hópum aðgengi þessum grunnmannréttindum.

Stórsókn í gatnagerð og stofnbrautum

Gatnagerð í Hrauntungu í Kambalandi er yfirstandandi og áætlað er að úthluta fyrstu lóðum árið 2025. Hrauntungan verður í uppbyggingu árin 2025 og 2026.

Samhliða gatnagerð í Hrauntungu verður farið að huga að framkvæmdum vegna Vesturmörkar, en Vesturmörkin er stofnbraut sem mun breyta umtalsvert aðgengi og umferðarlæði inn og út úr Kambalandinu. Þannig mun framkvæmdin minnka álag á þær götur sem anna umferð í hverfið í dag og stuðla að bættu umferðaröryggi. Fyrirhugað er að framkvæmdir við Vesturmörk hefjist árið 2025.

Stórsókn í veitumálum

Gert er ráð fyrir meiriháttar uppbyggingu í veitumálum hjá Hveragerðisbæ í fyrirliggjandi áætlun og á árinu 2025, einkum í fráveitumálum en einnig eru áætlaðar framkvæmdir við vatnsveitu sveitarfélagsins. Málefni fráveitunnar eru veigamikill þáttur í þeirri stórsókn í innviðauppbbyggingu sem ráðast verður í samhliða íbúafjölgun og hafa þau málefni verið tekin föstum tókum á kjörtímabilinu samhliða umsóknum í styrktarsjóði Evrópusambandsins sem útlit er fyrir að muni bera árangur með fjárveitingu inn í verkefnið og umfangsmiklum framkvæmdum við stækkun fráveitunnar á komandi árum.

Stórsókn í stjórnkerfisbreytingum

Áfram verður haldið af krafti með þær stjórnkerfisbreytingar sem unnið hefur verið að á árinu. Markmiðið er að gera stjórnsýslu Hveragerðisbæjar skilvirkari og betri, gagnsærri og notendavænni, í takt við þá vaxtarþróun sem sveitarfélagið hefur gengið í gengum. Nýjar áskoranir kalla á nýja hugsun og ný vinnubrögð til að tryggja hámarksgæði í allri þjónustu sveitarfélagsins.

Átak í stafrænum lausnum eins og notendaviðmóti og gagnvirkum samskiptum fela í sér leiðir til aukningar gæða þjónustunnar sem leiðir til bættra lífsgæða íbúa sem þurfa að sækja þjónustuna. Þá verður haldið áfram af kappi með breytingar innan stjórnsýslu bæjarins til tryggja það að stjórnsýsla bæjarins eflist í takt við ört stækkandi bæjarfélag.

Stórsókn í velferðarmálum

Velferðarsvið Hveragerðisbæjar hefur verið eftt markvisst allt kjörtímabilið. Með nýju stöðugildi félagsráðgjafa, sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2025, má segja að sviðið hafi verið þrefaldað á kjörtímabilinu. Þetta hefur verið gert með það að markmiði að ná utan um þá þjónustu, sem sveitarfélagið sinnti áður ekki að fullu. Sveitarfélögum ber sannarlega að veita einstaklingum og fjölskyldum stuðning, styrk og velferðarstoð og það er grundvallaratriði í rekstri sveitarfélagsins að sú þjónusta sé tryggð með fullnægjandi hætti. Með því er stuðlað með veigamiklum hætti að bættum lífsgæðum íbúa Hveragerðisbæjar.

Stórsókn í málefnum fjölskyldna

Stefnt er að áframhaldandi lækkun leikskólagjalda og hækkun frístundastyrksins í skrefum á kjörtímabilinu.

Í dag hafa þrjár klukkustundir verið gerðar gjaldfrjálsar á leikskólum bæjarins og gert er ráð fyrir því að haustið 2025 verði fjórða klukkustundin gjaldfrjáls. Vistunargjöld á leikskóla voru 29.270 kr. fyrir 8 tíma vistun í upphafi kjörtímabilsins en verða í ársbyrjun 2025 21.000 kr. Haustið 2025 munu þau lækka í 16.800 kr. og hafa þá lækkað um tæp 43% frá því að nýr meirihluti tók við.

Frístundastyrkur verður hækkaður úr 38.000 kr. í 44.000 kr. Frístundastyrkur hefur þannig hækkað um 70% á kjörtímabilinu.

Mánaðarlegum foreldragreiðslum til foreldra barna eldri en 12 mánaða sem hafa ekki fengið vistunarboð á leikskóla eða hjá dagforeldri var komið á þann 1. október 2022 og námu þá 110.000 kr. á mánuði. Í dag nema þær 120.000 kr. og er gert ráð fyrir að þær muni nema 124.000 kr. á mánuði árið 2025 og næmu þannig á ársgrundvelli 1.364.000 kr. á barn ef fullnýttar.

Fyrirliggjandi fjárhagsáætlun var unnin af fulltrúum meirihluta bæjarstjórnar. Fulltrúar minnihlutans í D-lista þáðu ekki boð meirihluta um þátttöku og samvinnu í fjárhagsáætlunarvinnunni, rétt eins og undanfarin ár. Það er því að gefnu til efni áréttað að besta tækifærið til þess að vinna að hag bæjarbúa er að taka þátt í fjárhagsáætlunarvinnunni og hafa þannig áhrif á rekstur sveitarfélagsins og áherslur til framtíðar. Meirihlutinn vill því hvetja fulltrúa minnihlutans til endurskoðunar afstöðu sinnar til þátttöku í þessari vinnu á næsta ári og þau leggi þannig sitt á vogarskálarnar með öðrum fulltrúum bæjarstjórnar til þess að í bæjarfélaginu megi skapa grundvöll að enn betri þjónustu og lífsgæðum bæjarbúa.

Meirihlutinn vill koma á framfæri einlægum þökkum til bæjarstjóra og skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar fyrir óeigingjarna og umfangsmikla vinnu við gerð fyrirliggjandi fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og er þeim jafnframt þakkað fyrir sitt góða framlag. Öðru starfsfólki Hveragerðisbæjar eru einnig færðar þakkir fyrir gott samstarf við fjárhagsáætlunargerðina.

Almennt um rekstur og horfur 2025

Stefnt er að því að gera rekstur Hveragerðisbæjar sjálfbæran. Verðbólguinnskot og ytri aðstæður í fjármálaumhverfinu hafa haft þó nokkur áhrif á reksturinn undanárið í því tilliti. Jákvæð teikn eru þó á lofti í efnahagsmálum. Í framlagðri áætlun er tekið mið af ytri aðstæðum og

taka gjaldskrárhækkanir mið af þeim upp að vissu marki. Ráðdeild er í rekstri og samhliða því er fjárfest í innviðum í takt við íbúafjölgun.

Mikil eftirspurn er eftir búsetu í Hveragerði og fjölgaði íbúum um 7,1% árið 2023, áætlað er að fjölgunin verði um 4% árið 2024 og stefnir í að íbúafjölgun á komandi árum verði í kringum 4% nái markmið og stefna bæjarstjórnar fram að ganga. Þessi eftirspurn gefur okkur tækifæri til að snúa við fyrri þróun í rekstri bæjarins með auknum tekjum sem nýta má í innviðauppbýggingu og til lækkunar skulda sveitarfélagsins. Á sama tíma er mikilvægt að stuðla áfram að uppbýggingu fjölbreyttra atvinnutækifæra í Hveragerði og í því augnamiði hefur verið sett á stofn nefnd og ráðinn fulltrúi sem fara með málefni menningar- atvinnu- og markaðsmála.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2025

Tekjur Hveragerðisbæjar eru útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Útsvarsprósenta Hveragerðisbæjar er óbreytt í fjárhagsáætlun 2025 eða 14,97%. Í áætluninni er gert ráð fyrir óbreyttri álagningarprósentu fasteignaskatts.

Álagningarprósentur á vatnsgjaldi, holræsagjaldi og lóðarleigu á húsnæði í öllum flokkum breytast ekki milli ára. Aukavatnsgjald hækkar úr 16 kr. á rúmmetra í 17 kr. Gjald dagar fasteignagjalda verða áfram 11.

Áhersla var lögð á að létta sem mest á útgjöldum bæjarbúa við endurskoðun á gjaldskrá sveitarfélagsins og stuðla jafnframt að stöðugleika í þróun verðbólgu sem hefur umfangsmikil áhrif á íbúa og heimili í Hveragerði líkt og annarsstaðar á landinu. Verðlagsþróun síðastliðna 12 mánuði var um 6% en bæjarstjórn leggur upp með í framlagðri áætlun að hækka gjaldskrár þjónustugjalda einungis um 3%.

Breytingar voru gerðar á gjaldskrá sorphirðu á árinu 2024 vegna gildistöku breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs. Gjaldskrá sorphirðu breytist ekki árið 2025 nema að því er tekur til gjalds fyrir tvískipta tunnu sem hækkar úr 32.000 kr. í 35.000 kr. Nú greiðir hvert heimili eftir tunnufyrirkomulagi hjá hverjum húseiganda.

Í málefnaþætti meirihlutans er lögð rík áhersla á velferð fjölskyldunnar. Stefnt er áframhaldandi lækkun leikskólagjalda og hækkun frístundastyrks í skrefum á kjörtímabilinu og eru tekin skref í þá átt árið 2025 samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir því

að haustið 2025 verði fjórða klukkustundin á leikskólum gerð gjaldfrjáls og hafa þá vistunargjöld á leikskólum lækkað um 43% á kjörtímabilinu. Frístundastyrkur verður hækkaður úr 38.000 kr. í 44.000 kr. á ársgrundvelli og hefur þannig hækkað um 70% á kjörtímabilinu. Gert er ráð fyrir að foreldragreiðslur til barna eldri en 12 mánaða sem hafa ekki fengið vistunarboð frá leikskóla eða dagforeldri nemi 124.000 kr. á mánuði fyrir hvert barn árið 2025.

Helstu rekstrartölur í fjárhagsáætlun 2025

Í framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 eru áætlaðar heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B- hluta) alls 5.956 m.kr. Þar af eru áætlað útsvar og áætlun fasteignagjöld samtals 3.119 m.kr. og framlög Jöfnunarsjóðs áætluð 1.572 m.kr. Aðrar tekjur bæjarsamstæðu um 1.265 m.kr.

Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 5.321 m.kr. EBITDA Hveragerðisbæjar er 857 m.kr. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er jákvæð um 635 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 437 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um 177 m.kr. sem er betri niðurstaða en undanfarin ár þrátt fyrir umfangsmiklar fjárfestingar.

Markmið meirihluta bæjarstjórnar er að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær og að uppfyllt verði þannig skilyrði um jákvæðan 3ja ára rekstrarjöfnuð árið 2026. Stefnt hefur verið að þessu markmiði markvisst á kjörtímabilinu og það er ánægjulegt að sjá að þessu markmiði verður náð strax á árinu 2025 miðað við framlagða fjárhagsáætlun. Rekstrarjöfnuður verði þannig jákvæður um 313 milljónir á komandi ári og fari hækkandi með hverju ári. Framlegðarhlutfall í rekstri bæjarins, sem segir til um hve miklu reksturinn skilar til fjárfestinga og greiðslu vaxta og afborgana, hefur jafnframt verið yfir lágmarksviðmiðum árin 2023 og 2024 og er samkvæmt framlagðri áætlun gert ráð fyrir að það hlutfall haldist yfir viðmiðum á komandi árum. Þess má geta að árið 2021 var framlegðarhlutfallið langt undir viðmiðum, eða einungis á milli 1-2% en er árið 2024 áætlað 15,3% og yfir 14% næstu árin. Jafnframt er gert ráð fyrir í fyrirliggjandi áætlun að veltufjárhlutfall og skuldapækja verði yfir viðmiðum árin 2025-2028. Það eru því bjartar horfur í rekstrinum á komandi árum og mikill viðsnúningur hefur orðið í rekstrinum að ýmsu leyti á kjörtímabilinu.

Forsendur þriggja ára áætlunar

Samhliða fjárhagsáætlun 2025 er lögð fram þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2026-2028. Forsendur hennar eru eftirfarandi:

- Vísitala neysluverðs verði 3,8% í upphafi tímabilsins og 2,5% í lok þess í samræmi við uppfærða þjóðhagsspá sem birt var í nóvember 2024.
- Íbúar verði tæplega 4.000 í lok árs 2028.
- Tekjur af útsvari hækki um 8,2% á ári á tímabilinu.
- Tekjur af fasteignaskatti hækki um 6,5% á ári á tímabilinu.
- Framlög jöfnunarsjóðs hækki um 4% á ári á tímabilinu.
- Hækkun launa verði 4,1% á ári á tímabilinu.
- Starfsfólki sveitarfélagsins fjölgi um 2,7% á ári á tímabilinu.
- Annar rekstrarkostnaður hækki um 2,7% til 5,5% á ári á tímabilinu.

Áætlun um rekstur 2026-2028

Markmið meirihluta bæjarstjórnar er að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær. Sýna þarf ráðdeild í rekstri án þess að skerða þjónustu til íbúa. Lögð er sérstök áhersla á að auka tekjur sveitarfélagsins en mörg tækifæri eru til þess í Hveragerði sem er vinsæll búsetukostur.

Fjárfestingar 2026-2028

Áætlaðar fjárfestingar árið 2026 eru 1.030 m.kr., árið 2027 617,5 m.kr. og árið 2028 366 m.kr. Stærstu fjárfestingarnar eru bygging 4. áfanga grunnskólans, 1. áfangi leikskóla í Kambalandi, íþróttamannvirki, hjúkrunarheimili, fráveita og vatnsveita. Allt eru þetta nauðsynlegar framkvæmdir í ljósi íbúafjölgunar en fjárfestingaáætlun er endurskoðuð við fjárhagsáætlunargerð hvers árs í ljósi ríkjandi efnahagsumhverfis á hverjum tíma.

Skuldir og skuldbindingar 2025-2028

Markmið meirihluta bæjarstjórnar er að þrátt fyrir miklar fjárfestingar vegna innviðauppbýggingar og lántöku vegna þeirra verði skuldir samstæðu undir lögbundnu 150% skuldaviðmiði.

Lántökur ársins 2025 eru hærri en fjárfestingar þar sem ákveðið hefur verið að taka upp að nýju skuldaviðurkenningar vegna lóðaúthlutana til að greiða fyrir uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu. Það þýðir í raun að Hveragerðisbær lánar lóðarhöfum fyrir gatnagerðar- og byggingarréttargjöldum til tveggja ára. Nauðsynlegt fjármagn til að mæta

kostnaði við uppbyggingu gatna og veitna kemur því ekki inn á því ári sem úthlutunin fer fram og því þarf að mæta honum með aukinni lántöku.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun munu skuldir samstæðu þróast með eftirfarandi hætti að teknu tilliti til þess að samkvæmt fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingar vegna lífeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar:

2025 - 123,9% af tekjum

2026 - 124,5% af tekjum

2027 – 118 % af tekjum

2028 - 107,8% af tekjum

Á árunum 2025-2028 munu langtíma skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar hækka úr 8.245 m.kr. í 8.895 m.kr. vegna lántöku fyrir áðurgreindum innviðafjárfestingum.

Að lokum

Eins og þessi yfirferð gefur glögga mynd af þá er haldið fram af krafti í uppbyggingu og styrkingu Hveragerðisbæjar – íbúum til velferðar og lífsgæða. Samhliða allri þessari uppbyggingu er mikilvægt að huga af skynsemi og ábyrgð að fjármálum bæjarins og tryggja að jafnvægi verði í rekstri bæjarins. Það er lykilforsenda ef vel á að takast til. Séð er fram á að markmiðum bæjarstjórnar um sjálfbærni og heilbrigði í rekstri verði náð á komandi ári og þeim árangri verði viðhaldið áfram næstu árin og á honum byggt þannig að mikill viðsnúningur náist fram í rekstri bæjarfélagsins á kjörtímabilinu.

Það er kappsmál meirihlutans að þjónusta íbúa Hveragerðis sem best og styðja hér við að lífsgæði bæjarbúa verði eins og best verði á kosið á hverjum tíma. Lögð er áhersla nú sem áður á fjölskylduna, stuðning við barnafjölskyldur, öflugar menntastofnanir, fjölbreytt atvinnulíf, gæðaríkt íþrótt- og frístundastarf, að heilsuefling íbúa á öllum aldri sé í hávegum höfð og menningin haldi áfram að blómstra.

Framundan eru fjölmörg tækifæri og spennandi tímar og við göngum bjartsýn og metnaðarfull inn í komandi ár.

Bær í blóma – Hveragerði í blóma!

Fyrirvari

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Allar upphæðir í greinargerðinni eru í þúsundum króna.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að heildarskatttekjur muni þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
3.725.995	3.993.096	4.356.212

Hækkun skatttekna frá Fjárhagsáætlun 2023 verður um 16,91%, sem er meiri hækkun heldur en búist var við í þriggja ára áætlun sem skýrist af hærri útsvarstekjum, hækkun á fasteignagjöldum og hækkun á framlögum frá Jöfnunarsjóði.

Eins og sést á töflunni hér fyrir neðan mun íbúum Hveragerðisbæjar hafa fjölgað um 27% frá árinu 2020 og er það án vafa með hæstu tölum um íbúafjölgun sem sést hafa hér í bæ.

Íbúafj. 1.1.'20	Íbúafj. 1.1.'21	Íbúafj. 1.1.'22	Íbúafj. 1.1.'23	Íbúafj. 1.1.24	Væntur íbúafj. jan 25
2.652	2.737	2.941	3139	3.264	3.386

00010 Útsvar

Útsvarstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
1.984.122	2.176.474	2.410.308

Í áætlun bæjarsjóðs er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna í samræmi við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og í ljósi væntrar íbúapróunar.

Álagningarprósenta útsvars verður fullnýtt eða 14,97%.

00060 Fasteignaskattur

Fasteignaskattur hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
455.983	510.530	540.238

Tekjur vegna fasteignaskatts hafa hækkað frá árinu 2023 og til 2025 um 18,5% og skýrist það mest af fjölgun fasteigna og hækkun fasteignamats. Fasteignamat íbúðahúsnæðis í Hveragerði hækkar á árinu 2025 um tæplega 4%. Bæjarstjórn samþykkti að breyta ekki álagningarprósentu fasteignagjalda á árinu 2025.

Ekki er hér tekið tillit til áætlaðra lækkana vegna ellilífeyrisþega og öryrkja samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar en þess í stað eru þær lækkunar færðar á liðinn 02-47 - Niðurgreidd þjónusta.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verða með eftirfarandi hætti árið 2025:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,330%
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,320%
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,480%

Álagning á íbúðarhúsnæði má að hámarki vera 0,500% og 1,320% á aðrar fasteignir. Heimilt er að hækka álagningarhlutfallið í 0,625% á íbúðarhúsnæði og 1,650% á aðrar fasteignir og því fer fjarri að Hveragerðisbær fullnýti þá möguleika sem eru á álagningu fasteignaskatts.

00080 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í heildarframlagi ársins 2025 er gert ráð fyrir eftirfarandi framlögum:

Tekjujöfnunarframlag	70.362
Útgjaldajöfnunarframlag	606.549

Vegna reksturs grunnskóla	160.701
Vegna gjaldfrjálsa skólamáltíða	36.200
Vegna málefna fatlaðs fólks	179.250
Vegna lækkunar fasteignagjalda	74.490
Vegna nýbúa	12.253
Vegna fatlaðra nemenda	19.209
Vegna tónlistarskóla	2.900
Vegna farsældarlaga	7.600

Eins og áður ríkir mikil óvissa um endanleg framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar endurspeglar tekjur ríkissjóðs sem erfitt getur verið að áætla.

Heildarframlög Jöfnunarsjóðs hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
958.407	987.093	1.169.514

00350 Lóðarleiga

Lóðarleiga hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
78.184	85.165	92.227

Álagningarprósenta lóðarleigu er óbreytt á milli ára og verður lóðarleiga því með eftirfarandi hætti árið 2025:

Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki	0,440%
Lóðarleiga á húsnæði í B-flokki	1,50%
Lóðarleiga á húsnæði í C-flokki	1,50%

02 Velferðapjónusta

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
620.740	586.576	653.860

Verkefni velferðapjónustu Hveragerðisbæjar eru skilgreind í lögum um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og unglunga, þjónustu við aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavarnir.

Í mars 2023 gengu Hveragerðisbær ásamt Ölfus úr SVÁ. Hveragerðisbær hefur því alfarið séð um fræðslu- og velferðarmál bæjarins og er eitt ábyrgt fyrir þeirri nærþjónustu við bæjarbúa sem veitt er á svið fræðslu- og velferðarmála.

Starfsemi Velferðapjónustu er til húsa í Fljótsmörk 2. Hjá velferðapjónustu starfa 9 sérfræðingar.

Á þennan málaflökk færast kostnaður vegna málefna fatlaðra og einnig rekstur Heimilisins við Birkimörk sem er á forræði Hveragerðisbæjar.

Á árinu 2023 tóku gildi lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem eru til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar en þar er lögð rík áhersla á snemmtæka íhlutun. Ljóst er að kostnaður er umtalsverður hjá sveitarfélögunum vegna þessa og rík ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að framlög ríkissjóðs til stuðnings þessarar verkefna muni alls ekki duga til.

02020 Félagsmálastjóri

Hér er bókaður kostnaður við 5 félagsfræðingar Hveragerðisbæjar.

Deildarstjóri, 2 félagsfræðingar í barnavernd og 2 félagsfræðingar í almennum málu.

02110 Fjárhagsaðstoð

Miðað er við reglur um fjárhagsaðstoð.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
27.209	23.750	25.374

02180 Veittur afsláttur vegna leik- og frístundaskóla

Veittur er afsláttur vegna systkina, námsmanna og einstæðra foreldra á daggjöldum leikskóla og er hann færður til kostnaðar á félagsþjónustu. Árið 2025 er gert ráð fyrir að veittur afsláttur verði 11 m.kr.

02190 Húsaleigubætur

Á árinu 2016 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli aðila vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur. Samkvæmt samkomulaginu tekur ríkið alfarið yfir almennar húsaleigubætur og hefur Vinnumálastofnun verið falin framkvæmd við úthlutun þeirra. Sveitarfélögum samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Er afgreiðsla þeirra með hliðsjón af leiðbeinandi reglum um framkvæmd stuðningsins og viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra setur. Sveitarfélögum ber einnig að sjá um sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila barna yngri en 18 ára sem hafa tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
8.752	7.780	8.013

023 Barnavernd.

Undir þennan lið bókast kostnaður vegna barnaverndarmála og vistunar barna utan heimilis.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
25.251	29.600	35.150

024 Þjónusta við aldraða

Heildarframlög til málefna aldraðra eru samkvæmt eftirfarandi töflu.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
122.090	124.800	151.804

02430 Stuðningsþjónusta.

Árið 2025 er heimilað að 5,4 stöðugildi starfi í stoðþjónustu við einstaklinga sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs. Gerður hefur verið samningur við fyrirtækið Daga sem tekur að sér heimilisþrif á nokkrum stöðum en í staðinn hafa fastir starfsmenn frekar getað sinnt almennri stoðþjónustu af ýmsu tagi.

Á árinu 2023 var ráðinn til starfa fagaðili sem sinnir þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu og er hann jafnframt yfirmaður stoðþjónustu.

Árið 2017 hófst kvöld- og helgarþjónusta á vegum heimaþjónustu en brýn þörf var og er á þeirri þjónustu í bæjarfélaginu. Þörfin fyrir þessa þjónustu hefur ekki minnkað enda samfélagið sístækkandi. Starfsmenn stoðþjónustu sinna í dag þessari þjónustu í aukavinnu.

Einnig færist á þennan lið kostnaður vegna leigubílaþjónustu aldraðra kr. 1 m.kr.

Hveragerðisbær og Félag eldri borgara í Hveragerði eru með samkomulag um aðkomu Hveragerðisbæjar að eflingu félagsstarfs aldraðra. Sérstakur þjónustusamningur er um samstarf bæjarins og Félags eldri borgara. Þörf er á endurnýjun samningsins á árinu 2025.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir samningsbundnu framlagi til Félags eldri borgara kr. 13 m.kr.. Þar er gert ráð fyrir áframhaldandi heilsueflingu eldra fólks í bænum sem notið hefur mikilla vinsælda.

Auk þess er gert ráð fyrir að aukið verði við stöðugildi starfsmanns hjá frístundaheimilinu Bungubrekku úr 30% í 50% sem kemur til með að aðstoða Félag eldri borgara.

Í gildi er samningur við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás um dagvistun í Bæjarási. Árið 2007 fékkst samþykki ríkisins fyrir greiðslu 5 dagvistarpláss. Hveragerðisbær greiðir ekki fyrir þjónustuna en Ás fær framlag ríkisins beint til sín.

Greitt er fyrir 2 dagvistarpláss hjá Vinabæ á Selfossi.

Tekjutenging fasteignaskatts ellilífeyrisþega var tekin upp á árinu 2003 en árið 2004 bættist einnig við tekjutenging holræsagjalds hvað þessa hópa varðar. Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum færist á þennan lið. Gert er ráð fyrir að sú upphæð geti numið allt að 40 m.kr..

Sækja þarf sérstaklega um sláttþjónustu til yfirmanns stoðþjónustu sem metur hvort viðkomandi þurfi á slíkri þjónustu að halda. Sé heimild veitt þarf viðkomandi einstaklingur að framvísa kvittun fyrir slættinum á bæjarskrifstofu til að fá hann greiddan. Greitt verður fyrir fjóra slætti á hverju heimili.

025 Þjónusta við fatlað fólk.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
374.914	336.907	339.724

Þann 1. janúar 2011 fluttust málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaganna á grundvelli samnings sem undirritaður var milli ríkis og sveitarfélaga þann 23.nóvember 2010. Sveitarfélög á Suðurlandi að Höfn og Vestmannaeyjum undanskyldum hafa myndað sameiginlegt þjónustusvæði og hefur Árborg tekið að sér umsýslu á mörgum þeim málum sem áður var sinnt af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Sérstakt þjónusturáð er starfandi og sér það um daglega umsjón með málefnum fatlaðra á svæðinu. Í nýsamþykktu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir lögfestingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks en þegar það gerist má búast við að kostnaður vegna málaflokksins muni aukast nema til komi framlög frá ríki til málaflokksins sem þegar er verulega vanfjármagnaður.

Í árinu 2023 voru ráðnir ráðgjafarþroskapjálfar í 1,70 stöðugildi til að hafa umsjón með málefnum fatlaðra og annarra starfa á fræðslu- og velferðarsviði Hveragerðis.

Á árinu 2007 var opnað heimili fyrir fatlað fólk í Hveragerði að Birkimörk 21-27. Hveragerðisbær tók við rekstri heimilisins þann 1. janúar 2011 en þar búa 5 einstaklingar sem þurfa sérhæfða þjónustu allan sólarhringinn. Á árinu 2012 keypti Hveragerðisbær húsnæði heimilisins. Árið 2025 er heimilað að í Birkimörk verði 11,8 stöðugildi.

Hveragerðisbær sér um ferðapjónustu fatlaðs fólks í sveitarfélaginu. Bifreið var fyrst keypt árið 2007 og bílstjóri ráðinn til að sinna ferðapjónustu vegna Heimilisins Birkimörk. Einnig sinnir bílstjórinn akstri til og frá dagdvöl og öðrum akstri er tilheyrir málaflokksnum. Bifreiðin var

síðast endurnýjuð árið 2024. Aukning hefur orðið á akstri síðustu ár og skýrist því aukinn kostnaður af aukinni þjónustubörf í bænum og má gera ráð fyrir auknum kostnaði í þessum málaflokki á næstu árum.

Í 24. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á félagslegri liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Gert er ráð fyrir að kostnaður við félagslega liðveislu fyrir fatlaða nemi tæpum þremur stöðugildum en vinnan er yfirleitt unnin utan hefðbundins vinnutíma.

04 Fræðslumál.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
1.585.644	1.761.425	1.847.833

04010 Velferðar- og fræðslunefnd og skólanefnd.

Gert er ráð fyrir 13 fundum hjá Velferða og fræðslunefnd og Skólanefnd á árinu 2025.

04020 Fræðsluþjónusta.

Í mars 2023 gengu Hveragerðisbær ásamt Ölfus úr SVÁ.

Hveragerðisbær hefur því alfarið séð um fræðslu- og velferðarmál bæjarins og er eitt ábyrgt fyrir þeirri nærþjónustu við bæjarbúa sem veitt er á sviði fræðslu- og velferðarmála.

Starfsemi Fræðsluþjónustu er til húsa í Fljótsmörk 2. Hjá fræðsluþjónustu starfa 3 sérfræðingar og ritari í 3,6 stöðugildum. Talmeinafræðingar og þroskajálfar hafa haft starfsaðstöðu í leik- og grunnskólum bæjarins. Aðastaða þeirra hefur stórbatnaði árinu 2024 við það að taka í gagnið nýi rými í 3 áfranga skólans.

04100 Dagvistir barna

Í Hveragerði eru reknir tveir leikskólar, Undraland og Óskaland. Reiknað er með að 3ja deilda viðbygging verði opnuð við leikskólann Óskaland í byrjun árs 2025.

Unnið er eftir því markmiði að öllum börnum 12 mánaða og eldri bjóðist leikskóladvöl og hefjist hún að jafnaði á haustin.

Opnunartími beggja leikskóla er frá kl. 7:45-16:30. Foreldrar geta keypt 15 mínútna vistun fyrir og eftir umsaminn vistunartíma. Óski foreldrar/forráðamenn að lágmarki fimm barna eftir opnun frá kl. 7:30 verður orðið við þeirri beiðni. Hækkun matar- og leikskólagjalda er haldið í lágmarki en þau hækka um 3%.

Á árinu 2023 samþykkti bæjarstjórn að 2 tímar á leikskóla væru gjaldfrjálsir og stefnt er að því að auka gjaldfrjálsa tíma á árinu. Frá hausti 2025 er gert ráð fyrir að fjórði tími verði líka gjaldfrjáls.

Elsti árgangur leikskólans fær 4 stundir gjaldfrjálsar á dag og systkinaafsláttur gildir þvert á skólastig eða á milli dagforeldra, leikskóla og skólasels þar sem annað systkini fær 30% afslátt og gjaldfrjálst er fyrir önnur systkini eldri.

Fyrir auka korterin er greitt sérstaklega og eitt slíkt á dag kostar kr. 2.500,- pr. mánuð og tíminn milli 16 og 16:30 kostar kr. 4.900,- pr. mánuð þar sem sú vistun fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Reglur eru í gildi varðandi innritun og gjöld á leikskólum bæjarins og þar eru afsláttarkjör einnig tilgreind.

Á árinu 2022 var ráðin talmeinafræðingur í 80% stöðu sem skiptist jafnt á milli leikskólanna og mun það verða áfram óbreytt.

Gjald fyrir dagvistun frá 1.1. 2025 er sem hér segir;

4 klst. + hressing	6.600
5 klst. + hressing + hádegi	17.800
6 klst. + hressing + hádegi	22.000
8 klst. + hressing x 2 + hádegi	32.800
8 3/4 klst. + hressing x 2 + hádegi	40.300

04100 Mötuneyti leikskólanna

Frá og með árinu 2019 er allur matur leikskólanna eldaður í eldhúsi leikskólans Undralands. Kostnaður vegna mötuneytis er færður sérstaklega á deild 04-10. Skiptist sá kostnaður milli leikskólanna í hlutföllum miðað við fjölda barna og starfsmanna. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna þess aksturs sem fellur til við matarflutninga á milli staða.

04110 Leikskólinn Undraland

Á haustmánuðum 2017 tók leikskólinn Undraland til starfa í nýju húsnæði að Þelamörk 62. Húsið sem er 1.100 m² að stærð rúmar sex deildir og gert er ráð fyrir að börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri að hausti bjóðist þar með vistun á leikskólum Hveragerðisbæjar. Strax voru opnaðar fjórar deildir, fimmta deildin bættist fljótlega við og á haustmánuðum 2018 opnaði sjötta deildin. Leikskólinn hefur verið fullsetinn allt árið 2024 og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Rekstrarkostnaður Undralands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
366.787	364.002	453.523

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 13,6 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2025.
- 1110 Heimiluð stöðugildi eru í upphafi árs 37,4. Gert ráð fyrir að þar af verði 17 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 12.62 stöðugildum.

04120 Leikskólinn Óskaland

Á miðju ári 2004 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir leikskólann Óskaland. Stækkaði hann þá úr einnar deildar leikskóla í tveggja deilda. Á árinu 2007 var byggingin fullkláruð með tilkomu tveggja nýrra deilda við skólann. Á árinu 2021 voru keyptar tvær lausar kennslustofur sem settar voru niður á lóð leikskólans.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir 3 deilda viðbyggingu við leikskólann auk bættrar aðstöðu fyrir starfsmenn. Þá verður leikskólinn Óskaland orðin 9 deilda leikskóli.

Rekstrarkostnaður Óskalands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
359.573	463.267	641.785

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 8 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Óskalandi á árinu 2025
- 1110 Launakostnaður. Heimiluð stöðugildi eru 50,66 í ársbyrjun 2025. Gert er ráð fyrir að þar af séu 23 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 20,12 stöðugildum.
- **04170 Dagforeldrar**

Í ársbyrjun 2006 voru teknar upp niðurgreiðslur daggjalda barna sem vistuð eru hjá dagmæðrum. Á árinu 2018 var samþykkt að foreldrar barna sem orðin eru 12 mánaða og velja að vera í vistun hjá dagforeldrum munu greiða sama gjald og á leikskóla frá 1. þess mánaðar sem næstur er á eftir eins árs afmælisdegi barnsins. Með þessu móti geta foreldrar valið um vistun hjá dagforeldrum eða leikskólavistun án tillits til kostnaðar. Jafnframt er reynt að gera samkomulag við eitt starfandi dagforeldri á hverjum tíma, tímabundið, um að Hveragerðisbær tryggi ávallt greiðslur fyrir þann fjölda barna sem heimild er fyrir til viðkomandi dagforeldris. Með því er reynt að tryggja að allavega eitt dagforeldri verði starfandi í bæjarfélaginu hverju sinni.

Á árinu 2023 var samþykkt að stofnstyrkur til dagforeldra verði 1.000 þús. kr þegar þeir hefja starfsemi í Hveragerði. Greiddar eru 250 þús. kr. við undirritun þjónustusamnings en 750 þús. kr. ári síðar. - Miðað er við að settur verði á árlegur aðstöðustyrkur til dagforeldra í Hveragerði upp á 150 þús. kr. sem tekur gildi eftir tvö ár í starfi. Greiðslur hefjast eftir að dagforeldri hefur starfað í 24 mánuði og eru greiddir árlega frá þeim tíma. - Hveragerðisbær sér um skipulag og greiði fyrir slysavarnarnámskeið á tveggja ára fresti fyrir alla dagforeldra.

Í upphafi árs 2025 verður starfandi eitt dagforeldri í Hveragerðisbæ

Frá og með 01.10.2022 hóf bærinn að greiða foreldragreiðslur. Á árinu 2025 eru foreldragreiðslu kr. 124 þús til foreldra með hverju barni eldra en 12 mánaða og sem sótt hefur um leikskólapláss en ekki fengið.

04230 Námsvistargjöld

Á þennan lið færast kostnaður Hveragerðisbæjar vegna greiðslna sem bærinn þarf að inna af hendi vegna barna með lögheimili í Hveragerði sem stunda nám í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

04240 Grunnskólinn í Hveragerði

Í Grunnskóla Hveragerðis eru nú 455 börn.

Útgjöld til grunnskólans hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
795.064	822.077	1.036.893

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss, en alls stunda nú 42 börn úr Ölfusi nám í grunnskólanum. Ölfusingar greiða hlutfallslega í rekstri GíH miðað við fjölda barna en hlutfallsgreiðsla þeirra vegna eignasjóðs er 14%.

- 1110 Árið 2025 eru heimiluð stöðugildi við grunnskólann 70,21 að meðaltali.

Stöðugildi fyrir utan kennara og skólastjórnendur eru 18,58 sem greinist þannig; stuðningsfulltrúar 12,88, ritari 1, húsvörður 1, í mötuneyti eru 3 og bókasafnsvörður er í 0,7 stöðugildi. Þá verður í áætlun fyrir 2025 heimild fyrir aukningu á stöðugildum, þar sem auglýst verður ný staða í stoðþjónustu.

Aðalstörf stuðningsfulltrúa er aðstoð við einstaka nemendur í skólastarfinu og gæsla í frímínútum.

Árið 2025 eru heimiluð stöðugildi kennara að meðtöldum stöðugildum skólastjóra, deildarstjóra, talmeinafræðingi og proskapjálfa 51,63.

Í fjárhagsáætlun er tekið tillit til kostnaðar sem fellur til vegna tölvubúnaðar sem keyptur verður í samræmi við tillögur starfshóps um stafræna þróun grunnskólans. Verulega er bætt í þar og eru settar 15,7 mkr á liðina viðhald búnaðar og tækja og innanstokksmuna.

Gjaldfærð afnot af íþróttahúsi og sundlaug taka mið af raunkostnaði við rekstur umræddra mannvirkja.

04310 Frístundaskóli

Frístundaskóli var settur á lagginnar í upphafi skólaársins 2000-2001. Frístundaskólinn er rekinn í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Undraland. Forstöðumaður hefur verið ráðinn í fullt starf og sér hann um starfsemi frístundaskólans og félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. Fyrir dvöl í frístundaskólanum er greitt að lágmarki fyrir 30 tíma á mánuði. Gjaldskráin er sem hér segir:

Frá því að skóla lýkur og til kl. 14:30	450,- pr. dag.
Frá því að skóla lýkur og til kl. 16:00	900,- pr. dag.
Frá því að skóla lýkur og til kl. 16:30	1.140,- pr. dag.

Í frístundaskólanum er boðið uppá hressingu og er greitt fyrir hana sérstaklega kr. 220,-.

Breytingar á gjaldskrá taka gildi þann 1. janúar 2025.

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

04320 Bungubrekka

Kostnaður við það starf sem fram fer í Bungubrekku, frístundaskóla, félagsmiðstöð, sumarnámskeið, vinnuskóli og félagsstarf aldara er allt bókað á sömu deildina og síðan er þeim kostnaði skipt á viðkomandi starfsemi eftir notkun hverrar deildar í húsinu.

Frístundaskólinn greiðir 51% af heildarkostnaði Bungubrekku
Félagsmiðstöðin greiðir 19% af heildarkostnaði Bungubrekku
Ævintýranámskeið greiðir 22% af heildarkostnaði Bungubrekku.
Vinnuskóli greiðir 8% af heildarkostnaði Bungubrekku.
Félagsstarf eldri borgara greiðir sem nemur 50% stöðugildi.

Viðhald innanstokksmuna og áhalda nemur 2,6 m.kr á árinu 2025 og munar þar mestu um tölvubúnað sem leigður er vegna rafíþróttaklúbbs í Bungubrekku.

Alls eru heimiluð 10,7 stöðugildi í Bungubrekku árið 2025. Gert er ráð fyrir að 115 börn sæki frístundaskóla á árinu 2025.

04510 Tónlistarskóli

Hveragerðisbær er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga og verður kostnaðarhlutdeild í samræmi við fjárhagsáætlun skólans. Gerður hefur verið samningur við Tónsmiðju Suðurlands um starfsemi skólans í Hveragerði. Á árinu 2011 tók gildi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisins á kennslukostnaði vegna nemenda á mið og efsta stigi söngnáms og efsta stigi almenns tónlistarnáms.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
48.304	50.000	51.602

05 MENNINGARMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
108.297	126.764	138.450

05010 Menningar- atvinnu- og markaðsnefnd.

Við nýja samþykkt bæjarins sem var samþykkt árið 2023 varð til menningar- atvinnu- og markaðsnefnd. Áætlað er að nefndin haldi 9 fundi á árinu 2025.

05020 Menningar- atvinnu- og markaðsfulltrúi.

Á árinu 2023 var ráðinn manninga- atvinnu og markaðsfulltrúi sem er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ.

05210 Bókasafnið í Hveragerði

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
52.270	51.937	57.443

Forstöðumaður er í 1 stöðugildi og bókaverðir munu á árinu verða í 2 stöðugildum við safnið. Jafnframt er gert ráð fyrir sumarafleysingu í þrjá mánuði yfir sumartímann.

Gert er ráð fyrir að rekstur safnsins verði áfram með svipuðu sniði, fjármagn til bókakaupa verður 3,55 m.kr.. Á liðinn annar rekstrarkostnaður er settur kr. 400 þús. sem getur nýst til menningaraukandi starfsemi að vali forstöðumanns. Á liðnum „Viðhald áhalda“ er gert ráð fyrir 1.200 þúsund. Til viðhalds innanstokksmuna eru settar 300 þús..

05310 Héraðsskjalasafn Árnessýslu

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05330 Byggða- og listasafn

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05790 Hátíðahöld

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna hátíðarhalda t.d. Blómstrandi daga, 17. júní og fleiri. Á árinu 2025 er sett 1 milljón í kostnað vegna 70 ára afmælis Hveragerðisbæjar sem er árið 2026.

Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hápunktur sumarstarfs bæjarbúa og verður haldin aðra helgi eftir Verslunarmannahelgi eða 14.-17. ágúst 2025.

Undir liðnum annar rekstrarkostnaður er gert ráð fyrir framlagi til Hengils Ultra og til hátíðarinnar Allt í blóma en þeir viðburður hefur fest sig í sessi sem ein af aðal hátíðum ársins í bæjarfélaginu.

Framlög til einstakra hátíða verða með eftirfarandi hætti:

Blómstrandi dagar	8.500
17. júní	2.163
Sumardagurinn fyrsti	211
Jólahátíð	650
Afmælishátíð	1.000

Annar rekstrakostnaður	3.500
------------------------	-------

05810 Leikfélag

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem m.a. tryggir félaginu fast fjárframlag auk niðurfellingar fasteignagjalda og framlags vegna verka sem innt verða af hendi.

05990 Ýmsir styrkir

Samningur er í gildi milli Listasafns Árnesinga og Hveragerðisbæjar sem tryggir samstarf þessara aðila. Gert ráð fyrir 5,1 m.kr. framlagi til safnsins á árinu.

Hveragerðisbær er þátttakandi í ýmsum menningaraukandi verkefnum auk þess að bæjarfélagið styrkir Hveragerðiskirkju vegna barnastarfs. Til þessara verkefna er gert ráð fyrir 1.051 þúsund til þeirra.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
345.863	341.607	375.928

06010 Íþrótt- og æskulýðsmál.

Greiðsla frístundastyrkja til allra barna og ungmenna á aldrinum 0-18 ára hófst á árinu 2016. Greiðslan mun nema kr. 44.000,- pr. barn árið 2025.

06015 Ungmennaráð

Gert er ráð fyrir að ungmennaráð hefji starfsemi á árinu. Gert er ráð fyrir að það haldi 3 fundi á árinu.

06270 Ævintýra- og sumarfrístund barna og unglinga

Á þennan lið færast kostnaður vegna ævintýra- og sumarfrístundar fyrir börn á aldrinum 6-10 ára sem tryggir þeim örugga afþreyingu frá kl. 8-17 alla virka daga.

Hvert ævintýra -og sumarfrístund er ein vika annað hvort hálfur eða heill dagur.

Öll börn sem eru ævintýra- og sumarfrístund allan daginn fá hádegismat og tvær hressingar. Þau börn sem eru hálfan daginn frá hádegismat og hressingu. Gjald fyrir matinn innifalið í námskeiðsgjöldum.

Elsti árgangur leikskóla fær gjaldfrjálsan aðgang að ævintýra- og sumarnámskeiðum eftir sumarleyfi leikskóla.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir ævintýranámskeiðum í Bungubrekku fyrir eldri börn. Mun forstöðumaður ákvarða gjaldskrá fyrir þau námskeið í samráði við bæjarstjóra.

Á þennan lið færist 22% af kostnaði Bungubrekku en námskeiðin eru rekin þaðan.

06310 Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð grunnskólabarna flutti á árinu 2017 í húsnæðið sem áður hýsti leikskólann Undraland. Gert er ráð fyrir að opið verði tvisvar í viku fyrir miðstig, 16:30 – 18:30 og tvö kvöld vikunnar fyrir unglingastigið 19:30 – 21:30. Starfið er í stöðugri endurskoðun og því getur opnunartími breyst.

Á þennan lið færist 19% af rekstrarkostnaði Bungubrekku.

06510 Íþróttahús

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi í íþróttahúsi. Heimiluð stöðugildi eru 4,35 árið 2025.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.

Til viðhalds áhalda eru settar 1,495 m.kr. og gert er ráð fyrir 0,27 m.kr. til viðhalds innanstokksmuna.

06550 Sundlaug

Gjaldskrá Sundlaugarinnar í Laugaskarði árið 2025:

	Stakt skipti	10 miða kort	Árskort
Fullorðnir	1.220	5.440	37.400
Börn	420	1.690	

Heimiluð stöðugildi eru 6,3. Ráðið er í fleiri stöðugildi á sumrin.

Frá og með 1. júlí 2006 hafa börn og ungmenni að 18 ára aldri sem búsett eru í Hveragerði fengið ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði. Frá og með 1. desember 2006 hafa einnig þau börn og ungmenni sem búsett eru í Ölfusi en stunda nám við Grunnskólann í Hveragerði notið sömu réttinda.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans af sundlauginni.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- Opnunartími sundlaugar á veturna er frá kl. 6:45 - kl. 20:30 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga er opið milli kl. 10 og 17:30. Lengri opnunartími er á sumrin en þá er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 6:45 – 21:30 en um helgar 09:00 – 19:00. Sumartími gildir frá 15.maí til 14.september.

06560 Hamarshöll - Aðstöðuhús

Árið 2009 var aðstöðuhús við Grýluvöll tekið í notkun. Það hýsir tvo stóra búningasklefa auk dómaraherbergis með baðaðstöðu, boltageymslu, skrifstofu og ýmiss annars nauðsynlegs rýmis.

06610 Íþróttavellir

Undir þennan lið fellur kostnaður við rekstur íþróttavalla annarsvegar á Vorsabæjarvöllum og hinsvegar undir Hamrinum, vestan Dynskóga.

- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- 4660 Gert er ráð fyrir kostnaði sem felst í nauðsynlegum endurbótum á búnaði og viðhaldi vallanna.

06810 Íþróttafélagið Hamar

- 4130 Akstur. Hér er settur kostnaður vegna akstur á æfingar í öðrum sveitarfélögum.

- 9240 Reiknuð afnot íþróttamannvirkja. Framlagið er reiknuð afnot Íþróttafélagsins Hamars af íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavöllum og aðstöðuhúsi Hveragerðisbæjar.
- 9420 Framlag til íþróttastarfs. Þjónustusamningur við Hamar var undirritaður í mars 2024. Beinn fjárstuðningur til Íþróttafélagsins Hamars mun nema 28,5 m.kr.
- 9990 Annar rekstarkostnaður. Hér er settur kostnaður við leigu á íþróttahúsnæði í öðrum sveitarfélögum.

06830 Hestamannafélagið Ljúfur

Þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúfur er í gildi. Þar er gert ráð fyrir framlagi sem nýta á til umhverfisúrbóta á svæði hestamana. Gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi kr. 1.980 þúsund í þeirri upphæð er gert ráð fyrir umræddu framlagi, greiðslum vegna námskeiða, hátíðahalda, auk beina framlagsins sem áður er getið. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til greiðslu fasteignagjalda.

06840 Styrkir til Golfklúbbs Hveragerðis

Þjónustusamningur við Golfklúbb Hveragerðis hefur verið endurnýjaður. Þar er gert ráð fyrir fjárstyrk til hans kr. 7.66 m.kr., þeirri greiðslu er ætlað að mæta kostnaði vegna námskeiða fyrir börn og unglinga, vegna sumarstarfsmanns, til viðhalds tækja og beinn rekstrarstyrkur. en fyrirhugaðar eru úrbætur á húsnæði og annarri aðstöðu golfara. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi frá áhaldahúsi.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
58.723	69.304	75.174

Á vormánuðum 2011 samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að gerast aðilar að Brunavörnum Árnassýslu. Vegna þessa sér Hveragerðisbær ekki lengur um rekstur slökkviliðs eða slökkvistöðvar heldur greiðir árlegt framlag til Brunavarna í samræmi við ákvarðanir Héraðsnefndar. Framlag sveitarfélaga til Brunavarna Árnassýslu skiptist samkvæmt íbúafjölda og að hluta skv. brunabótamati fasteigna í sveitarfélaginu.

07210 Brunavarnir

Framlag til Brunavarna er fært á þennan lið.

07410 Almannavarnanefnd

Sveitarfélög í Árnessýslu standa saman að rekstri Almannavarnanefndar Árnessýslu. Nefndin tekur þátt í kostnaði við starfsmann á sviði Almannavarna með aðsetur hjá Lögreglustjóra Suðurlands.

07430 Öryggismyndavélar

Öryggismyndavélar eru við innkeyrslurnar í Hveragerði og eru þær tengdar við lögreglustöðina á Selfossi sem hefur yfirumsjón með vöktun og að vélbúnaður sé í lagi. Vélarar voru keyptar nýjar árið 2018 og það sama ár voru tengingar endurnýjaðar. Samningur er í gildi milli bæjarfélagsins, Neyðarlínunnar og embætti lögreglustjóra um öryggismyndavélarnar. Settar eru 150 þúsund vegna tilfallandi kostnaðar.

07450 Rauði Kross - Hveragerðisdeild

Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld vegna húseignar félagsins við Mánamörk kr. 430.000,-

07830 Framlög til skáta

Þjónustusamningar eru í gildi við bæði Hjálparsveit Skáta og Skátafélagið Strók. Í þeim er HSSH tryggt framlag uppá 3.950 m.kr. en í því felst ýmis vinna sem sveitin ynnir af hendi fyrir bæjarfélagið skv. samningi þar um. Skátafélagið Strókur fær framlag sem nemur 3.6 m.kr.. Skiptist framlagið í beinan fjárstuðning, námskeiðshald fyrir börn og unglinga og greiðslur fyrir vinnuframlag. Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld fyrir bæði félögin.

08 HREINLÆTISMÁL

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
33.893	7.061	9.636

Árið 2009 var innleitt þriggja tunnu flokkunarkerfi í bæjarfélaginu en þar er endurvinnanlegt sorp flokkað sérstaklega og lífrænt sorp einnig en það

er síðan jarðgert í sérstakri jarðgerðarstöð sem staðsett er á svæði Íslenska gámafélagsins.

Ný lög tóku gildi 1.1.2023 á meðhöndlun úrgagns þar sem rík áhersla er lögð á flokkun og endurvinnslu og er íbúum sveitarfélaga skylt að flokka með sérsöfnun við íbúðarhús í eftirfarandi flokka:

- Pappír og pappi
- Lífrænn eldhúsúrgangur
- Plastumbúðir
- Almennt sorp

Einnig er boðið upp á sérsöfnun á grenndarstöðvum fyrir málma, gler og textíl.

Markmiðið með þessum breytingum va að innleiða nýtt kerfi sem kalla mætti „borgað þegar hent er“ („Pay as you throw“) en hugmyndin er að innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs verði sem næst raunkostnaði niður á hvern aðila.

Árið 2025 verður innheimt gjald eftir vali íbúa á stærð tunna auk þess sem hvert heimili greiði 15.000.- kr. grunngjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við grenndargáma og fastan kostnað á gámasvæði.

08050 Heilbrigðiseftirlit

Embætti heilbrigðisfulltrúans á Suðurlandi sem staðsett er á Selfossi, hefur á hendi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar og sinnir eftirliti í því sambandi í Hveragerði.

- 9410 Hveragerðisbær greiðir til rekstur embættis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda.

08210 Sorphreinsun og meðhöndlun úrgangs

Hveragerðisbær er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar á þeim úrgangi sem úr tunnum við heimahús kemur.

Á tekjuliðinn færast álagt gjald vegna sorps sem innheimt er af heimilum auk greiðslna frá Úrvinnslusjóði. Tekjur vegna þessa nema 78 m.kr. Gjöld vegna sorphirðu og sorph meðhöndlunar verða 57 m.kr. sem kemur á móti kostnaði við gámasvæði.

08220 Gámasvæði

Hveragerðisbær starfrækir gámasvæði við Bláskóga 14 og sér Íslenska gámafélagið um sorphirðu í Hveragerði. Inn á þennan lykil færast tekjur og gjöld vegna reksturs svæðisins. Kostnaður Hveragerðisbæjar vegna reksturs gámasvæðis er áætlaður 23.5 m.kr.

08570 Dýraeftirlit

Árgjald hundaleyfis verður kr. 18.100 á dýr og er innifalið í gjaldinu m.a. tvær handsamanir ef hundur sleppur, merki, árleg hreinsun og trygging. Skráningargjald verður kr. 18.100,-. Afsláttur er gefinn 25% af árgjaldi hafi eigandi hunds sótt námskeið í hundauppeldi. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá sama afslátt.

Á þennan útgjaldalið er einnig færður kostnaður vegna dýraeftirlits. Í tekjuforsendum er gert ráð fyrir árgjaldi vegna katta kr. 5.300,- er standa á straum af kostnaði við dýraeftirlit. Skráningargjald vegna katta er kr. 5.300,-. Gerður hefur verið samningur við félagið Villiketti en með honum er málefnum villikatta í bæjarfélaginu komið í fastan og betri farveg. Félagið hefur afnot af húsi í eigu Hveragerðisbæjar fyrir starfsemi sína í bæjarfélaginu.

Samningur er í gildi við dýraeftirlitsmann og einnig er í gildi samkomulag við Árborg um geymslu á dýrum sem dýraeftirlitsmaður fangar.

09 SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
29.260	38.493	22.299

09210 Skipulags- og umhverfisnefnd.

Gert er ráð fyrir 9 fundum skipulags- og umhverfisnefndar á árinu.

09220 Aðalskipulag

Samkvæmt skipulagslögum ber nýrri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til þess að endurskoða stefnumörkun gildandi aðalskipulags. Gildandi aðalskipulag er frá 2017. Á fundi bæjarstjórnar

Þann 10. nóvember 2022 var samþykkt að hefja vinnu við að endurskoða aðalskipulag Hveragerðisbæjar.

Áætlað er að bæjarstjórn staðfesti nýtt aðalskipulag á árinu 2025.

09230 Deiliskipulag

Á þennan lið færast kostnaður við deiliskipulagsvinnu.

09520 Bygginga- og tæknideild

Gert er ráð fyrir að tæknideild vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma.

Í deildinni vinna skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og fasteignafulltrúi. Með mikilli aukningu verkefna í kjölfar íbúabróunar og þeirrar uppbyggingar sem er staðreynd hefur verið nauðsynlegt að auka þann mannafla sem sinnir tæknimálum bæjarfélagsins. Því var ráðinn fasteignafulltrúi í fullt starf 2022 sem hefur yfirumsjón með eignasjóði bæjarins og nýframkvæmdum á því sviði. Sömuleiðis var ráðinn á árinu 2022 skipulagsfulltrúi í fullt starf. Fráfarandi skipulagsfulltrúi sem náði virðulegum aldri í upphafi árs 2022 sinnt sérverkefnum á sviði uppbyggingar í Hveragerði.

- 0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri bygginga- og tæknideildar sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	5.816
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr.	1.745
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr.	20.357
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr.	20.357
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Kr.	1.745
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr.	2.908
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	1.745
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr.	54.673

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
113.926	103.926	102.082

Samkvæmt reikningsskilareglum skal fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvítar, gatnalýsing o.fl.) eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju og er viðmiðunarlíftími gatnakerfis 25 ár.

10310 Viðhald gatna og gangstétta

Á þennan útgjaldalið er fært viðhald vegna gatna og gangstétta.

- 4980 Aðkeypt vinna. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við endurbætur gatnakerfis og gangstétta kr. 16.5 m.kr..

10530 Gangbrautir og umferðamerking

Gert er ráð fyrir kr. 9 m.kr. í viðhald gangbrauta og umferðamerkingar en áformað er að gera átak í merkingu gangbrauta, miðlína og hámarkshraða.

10590 Götulýsing

Gert er ráð fyrir 11,5 m.kr. til þessa liðar.

Á árinu 2020 tók Hveragerðisbær við rekstri götulýsingar(ljósastaura) í bæjarfélaginu. Viðhaldsgjald hefur þar með fallið niður þar sem bæjarfélagið mun sjá um allt viðhald vegna götulýsingar héðan í frá.

Í lok árs 2021 var boðin út LED væðing kerfisins, kaup á lömpum og uppsetning þeirra. Útskipting lampanna tekur tvö ár og lauk á miðju ári 2023. Við þá breytingu ætti kostnaður við götulýsingu að minnka til muna.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar 15.7 m.kr.

10710 Almenningsamgöngur

Þann 1. janúar 2020 færðist rekstur almenningssamgangna frá til miðlægrar stofnunar á vegum ríkis sem sér nú um almenningssamgöngur á landinu.

Á þennan lið eru færðar kr. 60.000 vegna 15% endurgreiðslu á persónubundnum strætókortum til aðila sem stunda nám í framhalds- eða háskólum á svæðinu.

Hveragerðisbær hefur átt samtal við Vegagerðina um bættar samgöngur til og frá Hveragerði enda um mjög mikilvæga þjónustu að ræða og er vonandi að þær verði bættar og ferðum fjölgað svo bæjarbúar geti nýtt sér enn frekar almenningssamgöngur til að koma sér til vinnu eða náms.

11 UMHVERFISMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
78.569	83.891	106.009

11020 Umhverfisdeild

Í umhverfisdeild er starfandi umhverfisfulltrúi í fullu starfi. Hann sér um aðkeyptar verklegar framkvæmdir við viðhald gatna og gangstétta Snjómokstur þar með talinn. Hann hefur umsjón með rekstri fráveitu og vatnsveitu og sér um viðhaldsverkefni á þeim sviðum. Umhverfisfulltrúi er yfirmaður áhaldahúss.

0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	1.822
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	547
Fráveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	6.378
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	6.378
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	911
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	547
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Þús.kr.	16.582

110250 Garðyrkjudeild

Í garðyrkjudeild er starfandi garðyrkjustjóri í fullu starfi auk starfsmanns sem vinnur allt árið með honum. Í deildinni eru eins sumarstarfsmenn er tilheyra grænu deildinni.

Garðyrkjustjóri hefur umsjón með öllum framkvæmdum og viðhaldi á lóðum stofnana sveitarfélagsins, gróðurhúsum, leikvöllum, görðum og grænum svæðum. Garðyrkjustjóri heyrir undir Umhverfisfulltrúa.

0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	4.018
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	1.205
Fráveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	14.064
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	14.064
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	2.009
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	1.205
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Þús.kr.	36.566

11030 Vinnuskólinn

Gert er ráð fyrir 15.5 m.kr. til starfsemi Vinnuskólans. Laun taka breytingum skv. kjarasamningi FOSS. Vinnutími er háður ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Vinnuskólinn er rekinn frá Bungubrekku og tekur 8% af rekstrarkostnaði Bungubrekku.

11100 Aðrir leikvöllir

Á árinu 2024 var sérstök umræða og áhersla á leikvelli. Unnið verður að viðhaldi leikvalla á árinu 2025 samkvæmt skýrslu umhverfisfulltrúa og garðyrkjustjóra.

Á þennan lið er færður kostnaður vegna viðhalds leikvalla en gert er ráð fyrir að 8.07 m.kr. fari til viðhalds og endurnýjunar leikvalla. Undir Hamrinum var settur upp frisbee golfvöllur árið 2020, á árinu 2022 var settur upp ærslabelgur undir Hamrinum og á árinu 2023 voru sett upp líkamsræktartæki sem voru gjöf frá Lionsklúbbum í Hveragerði. Áfram

verður unnið að skipulagi á svæðinu undir Hamrinum með útivist og fjölbreytni að leiðarljósi.

11210 Lystigarður Fosslöt

Gert er ráð fyrir kostnaði við umhirðu garðsins 4.8 m.kr.

11230 Inngangshús við Hverasvæði

Tekjur vegna aðgangseyris eru áætlaðar 12.3 m.kr.. Jafnframt er gert ráð fyrir tekjum af seldri þjónustu og vörum 4.3 m.kr.. Aðgangseyrir fyrir fullorðna árið 2025 verður kr. 500,-. Gert er ráð fyrir að af húsinu séu hefðbundin útgjöld en settar eru 4,3 m.kr. til viðhalds áhalda og er þá horft til endurnýjar húsbúnaðar og/eða breytinga á sýningu hússins.

11280 Önnur garðavinna

Á þennan útgjaldalið er einkum færður kostnaður við slátt, áburð, illgresiseyðingu, haustlauka, sumarblóm og trjágróður, ásamt daglaunavinnu áhaldahúss vegna umhirðu bæjarfélagsins.

Sláttur á opnum svæðum í bæjarfélaginu var boðinn út á árinu 2024. Sláttur gekk afar vel á árinu 2024 og mikil ánægja með verktakan.

11480 Jöfnun úrgangsmoldar

Kostnaður vegna jöfnunar úrgangsmoldar og frágangs við jarðvegstípp í Hvammi fellur til á þessum lið.

11610 Jólahátíð

Á þennan lið er bókaður kostnaður garðyrkju- og umhverfisdeildar við jólahátíð. Í honum felst uppsetning jólaskreytinga á götum og húseignum bæjarins. Til þessa liðar eru settar 4,9 m.kr..

11630 Áramótabrenna

Gert er ráð fyrir sama kostnaði við þennan útgjaldalið.

13 ATVINNUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
29.928	32.993	28.993

13620 Upplýsingamiðstöð Suðurlands

Fyrirhugaðar eru breytingar á rekstri Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands. Á árinu 2023 sagði Íslandspóstur samningi sínum við Upplýsingamiðstöðina. Eins hafa Ferðamálastofa og SASS hætt að styrkja Upplýsingamiðstöðina eins og þeir gerðu þar sem Upplýsingamiðstöðin var upplýsingamiðstöð í flokki 1 á landsvísi. Við þessar breytingar hafa rekstrarforsendur Upplýsingamiðstöðvarinnar gjörbreyst.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2026
212.568	320.012	247.542

21010 Bæjarstjórn

Fulltrúar í bæjarstjórn sem og aðrir fulltrúar í nefndum og ráðum fá greiddar fastar mánaðarlegar greiðslur fyrir störf sín og eru greiðslurnar ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan fimmtudag í mánuði samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn er venjulega í frii í júlí og ágúst og er bæjarráði þá falin fullnaðarafgreiðsla mála enda sé afgreiðsla mála án ágreinings. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir.

Gert er ráð fyrir lögfræðikostnaði sem færður er á bæjarstjórn 4,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir stuðningi við stjórnsmálaflokka í samræmi við reglur sveitarfélagsins þar um. Skiptist framlagið niður í sama hlutfalli og kjörfylgi var í síðustu kosningum.

Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 10 m.kr. sérstaklega til ráðstöfunar vegna veikinda starfsmanna. Gert er ráð fyrir að forstöðumenn sæki í þennan sjóð sjái þeir fram á þörf fyrir aukafjárveitingu vegna forfalla. Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórnar eru settar 5, m.kr.

21020 Bæjarráð

Gert er ráð fyrir að bæjarráð fundi 24 sinnum á árinu. Fundir bæjarráðs eru 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs eru lokaðir. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 1,5 m.kr. til kynningarmála og annarra verkefna.

21070 Endurskoðun

Gerð var verðkönnun á árinu 2023 um endurskoðunarþjónustu. Samþykkt var að ganga til samninga við KPMG endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun Hveragerðisbæjar.

21110 Kosningar

Ekki er gert ráð fyrir kosningum á árinu 2025.

21400 Bæjarskrifstofa

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
89.413	103.034	113.008

- 0780 Eftirtaldar stofnanir greiða þátttöku í rekstri bæjarskrifstofu:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	18.969
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	3.794
Fráveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	18.969
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	18.969
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	5.691
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	5.691
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Þús.kr.	5.691
Samtals	Þús.kr.	77.774

Í september 2017 flutti bæjarskrifstofan í húsnæði að Breiðumörk 20. Fasteignafélagið Reitir er eigandi hússins og greiddi félagið einnig fyrir hönnun og innréttingar í hinu nýja húsnæði. Leigusamningur sem í gildi var vegna bæjarskrifstofu í Sunnumörk var fluttur yfir á hið nýja húsnæði en um leið lengist hann um tvö ár. Í samningnum er jafnframt gert ráð fyrir þeim möguleika að Hveragerðisbær eignist húsið að leigutíma loknum. Á

árinu 2024 var farið í viðhaldsframkvæmdir á austurgali hússins vegna óværu sem fannst við sýnatöku.

- 1110 Heimiluð stöðugildi á bæjarskrifstofum eru 8,1 með stöðugildi bæjarstjóra.

21450 Álagning og innheimta

Gert er ráð fyrir 15.4 m.kr. vegna álagningar og innheimtu. Fyrirtækið Motus sér um milliinnheimtu Hveragerðisbæjar. Á þennan lið eru einnig færð kaup á álagningarskrá fasteigna og greiðsla bæjarins vegna innheimtu staðgreiðslu.

21510 Vinabæjamót - móttaka gesta

Til þessa liðar eru settar 1.000 þús.kr. til að mæta kostnaði við móttöku gesta.

21550 Kynning bæjarfélagsins

Á þennan lið eru færð útgjöld til starfsemi sem miðar að því að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar, ferðamenn og aðra um þá þjónustu sem er í boði í bæjarfélaginu. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að sett verði upp nýtt bæjarskilti og logo bæjarins verði endurmarkað. Kostnaður vegna heimasíðu færist á þennan lið.

Til kynningarmála eru settar 16.030 m.kr..

21610 Kjarasamningar

Hveragerðisbær er aðili að Launaneftnd sveitarfélaga. Launaneftndin hefur umboð frá Hveragerðisbæ til að semja við bæjarstarfsmenn sem eru félagar í BHM, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Félagi tækniþræðinga og stéttarfélagum kennara. Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna starfskjara- og starfsmatsneftnda sem og kostnaðarhlutdeildar við Launaneftnd sveitarfélaga.

21620 Starfsmannahald

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna váttrygginga starfsfólks og fyrir kostnaði við trúnaðarlæknisþjónustu. Ennfremur færist hér framlag bæjarfélagsins til árshátíðar starfsmanna.

21710 Framlag til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands var lagt niður frá og með 1. janúar 2016 og starfsemi þess færð undir SASS. Ennfremur færðist starfsemi

Menningarráðs Suðurlands á þeim sama tíma til SASS. Framlög til SASS taka mið af þessari breytingu sem og því að Sóknaráætlun Suðurlands heyrir einnig þar undir. Hér er jafnframt færð hlutdeild Hveragerðisbæjar í launum iðjupjálfa sem starfar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
10.307	9.119	9.541

21720 Framlag til Héraðsnefndar Árnesinga

Framlagið er ákvarðað í samræmi við fjárhagsáætlun Héraðsnefndar fyrir árið 2025 og hefur það þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
6.097	7.533	8.407

21920 Afskriftir og niðurfærsla

Á þennan gjaldalið er áætlað fyrir töpuðum kröfum bæjarsjóðs.

22 LÍFEYRISSJÓÐSSKULDBINDINGAR

Á þennan málaflokk eru færðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sem greitt hafa í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og eins greiðslur til A-deildar lífeyrissjóðs Brúar. Einnig er hér færð áætluð hækkun á lífeyrisskuldbindingu ársins 2024.

31 EIGNASJÓÐUR

Í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga eru allar eignir A-hluta bæjarsjóðs eignfærðar í sérstökum eignasjóði og afskrifaðar miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Afgjald til þess að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og viðhaldi er reiknað til tekna hjá eignarsjóði en til gjalda á mismunandi málaflokka. Afgjaldið sem Eignasjóður reiknar vegna "afnota" viðkomandi eignar er þrennskonar, í fyrsta lagi er afgjald sem tekur mið af almennum þjónustubyggingum sveitarfélaga en það er samkvæmt eftirfarandi;

Afgjald	
Fjármagnskostnaður	5,50%

Afskriftir	2,50%
Skattar og tryggingar	1,20%
Viðhald húsa og lóða	2,00%
Umsýslukostnaður	0,50%
Afgjald samtals	11,70%

Í öðru lagi er afgjald sem tekur mið af húsnæði sem nýtt er fyrir leikskóla en þar er viðhaldspáttur 3,00% og afgjaldið því 12,70%.

Í þriðja lagi er afgjald sem tekur mið af eignum sem eru að fullu afskrifaðar en þar er afgjaldið 9,20%.

Eignir sem tilheyra Eignasjóði:

31-26	Austurmörk 20	Áhaldahús
31-28	Breiðumörk 26	Skólastofur (Mjólkurbú)
31-32	Austurmörk 20	Slökkvistöð
31-33	Breiðamörk 24	Verkmenntahús (Kaupfélag)
31-34	Breiðumörk 26	Íbúð
31-36	Breiðumörk 31	Listamannahús (Varmahlíð)
31-37	Skólamörk 6	Grunnskóli
31-38	Breiðamörk „Bungubrekka“	Frístundaskóli/ - Félagsmiðstöð
31-39	Laugarskarð	Sundlaug
31-40	Reykjamörk	Tjaldsvæði
31-41	Hveramörk	Inngangshús í Hveragarðinum
31-42	Skólamörk 2	Íþróttahús
31-43	Aðstöðuhús	V. Grýluvöll
31-45	Finnmörk 1	Leikskólinn Óskaland
31-46	Þelamörk 62	Leikskólinn Undraland
31-47	Sunnumörk/Breiðumörk 20	Leiguhúsnæði

31-51	Bifreið v/ fatlaðra	
31-61	Birkimörk 21-27	Heimili f. fatlað fólk
31-62	Gatnakerfi	
31-63	Þelamörk	Gróðurhús
31-65	Hveramörk 7	Leiguhúsnæði katta
31-69	Breiðumörk 21	Húsnæði til sérstakra nota

31110 Fasteignir ótilgreind staðsetning.

Á þennan lið er færður kostnaður vegna nefndar um Eignasjóð en áætlað er að sú nefnd fundi 4 sinnum á ári.

Eins er fært á þennan lið tekjur sem myndast þegar gatnagerðartekjur eru meiri en kostnaður við að framkvæma götuna.

Helstu kostnaðarliðir vegna viðhaldsframkvæmda á eignum bæjarins eru:

- **Austurmörk 20 – áhaldahús**
Gert er ráð fyrir almennu viðhaldi sem nemur 0,7 m.kr. Áætlað er að þurfi að fara í viðhald á þaki auk annað smærra viðhald.
- **Austurmörk 20 – slökkvistöð**
Framlag til viðhalds nemur 2 m.kr.. Áætlað er að fara í lagfæringu á aksturshurð auk smærra viðhalds.
- **Grunnskólinn í Hveragerði**
Framlag til viðhalds húsa nemur 21,8 m.kr.. Í þessari tölu er viðhald skólahúsnæðis Skólamörk 2, Breiðamörk 24 og Breiðamörk 26. Áætlað er að fara í að skipta um stjórnbúnaði í lyftu, lagfæra glugga og rennihurð til vesturs, lagfæring á þaki og önnur smærri verk.
- **Bungubrekka - Fristundaskóli / félagsmiðstöð**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss 3,4 m.kr og lóðar fyrir 0,5 m.kr. Farið verði í að klæða og mála utanhúss tvo hluta.
- **Sundlaugin Laugaskarði**
Gert er ráð fyrir viðhaldi á sundlaugarhúsi fyrir kr. 6,5 m.kr. og viðhaldi á lóð fyrir kr. 1. m.kr.. Kaupa þarf nýja varmaskipta fyrir sundlaug og potta. Gera þarf við stétt við pottasvæði, málning á sundlaugarbotni og auk þess er gert ráð fyrir almennu viðhaldi.
- **Tjaldsvæðið við Reykjamörk**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 2,2 m.kr. en þar er gert

ráð smærri viðhaldsverkefni.

- **Inngangshús við Hveramörk**

Til viðhalds lóðar eru settar 2 m.kr.. Auk þess er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. til viðhalds inngangshúss. Setja þarf upp hitablásara fyrir ofan innganga.

- **Íþróttahús við Skólamörk**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 7,1 m.kr.. Ýmislegt tilfallandi viðhald en málning utanhúss, skipta um innihurðir og lagfæring málun utanhúss að hluta eru þar stærsti liðirnir.

- **Leikskólinn Óskaland**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 2,2 m.kr.. Til viðhalds lóðar eru settar 0,5 m.kr. Gert er ráð fyrir almennu viðhaldi.

- **Leikskólinn Undraland**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húss 3,3 m.kr, setja þarf gler í innihurðir og laga lýsingu á deildum. Til viðhalds lóðar eru settar 0,5 m.kr.

- **Birkimörk**

Gert er ráð fyrir viðgerðum á húsi 2,3 m.kr. Auk almenns viðhalds þarf að skipta um liftumótur í segulupphengi og viðgerð á skápum og rennihurð í setustofu og eldhúsi.

33 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Með sístækkandi bæjarfélagi eykst þörf fyrir þjónustu þjónustumiðstöðvar og skýrir það ekki síst þá hækkun sem verður milli ára á kostnaði við þjónustumiðstöð.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
62.032	65.181	81.191

33110 Daglaunamenn

- 0730 Reiknuð vinna til eigin nota.
- 1110 Mánaðarlaun, laun lausráðinna, yfirvinna og launatengd gjöld. Árið 2025 er gert ráð fyrir 5,6 stöðugildum auk tveggja sumarstarfsmanna í afleysingar.

33210 Annar rekstrarkostnaður áhaldahúss

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við þennan útgjaldalið og áður hefur

verið.

45 BÍLASTÆÐASJÓÐUR

Árið 2020 var malbikað stórt bílastæði á Árhólum sem þjónustar gesti sem koma í dalinn. Gjaldtaka hófst á bílastæðinu síðla sumars 2021. Er það því trú bæjarstjórnar að í framtíðinni muni gjaldið standa undir þeim kostnaði sem fellur til vegna samnings um þjónustu á staðnum og að það geti einnig runnið til greiðslu kostnaðar við uppbyggingu. Einnig er gert ráð fyrir að gjaldið greiði fyrir göngutengingar frá miðbæ Hveragerðis inn í Dal. Auk þess mun ágóðinn renna til áframhaldandi uppbyggingar bæði á Árhólum, í skógræktinni sem og í Reykjadal, Grænsdal og í nærliggjandi umhverfi og hreinsunar upp í Reykjadal og nærumhverfi. Gert er ráð fyrir að bílastæðasjóður sé ávallt gerður upp á núlli. Á árinu 2023 var bílastæðið stækkað.

47 VATNSVEITA

Dreifikerfi Vatnsveitu Hveragerðisbæjar nær til alls sveitarfélagsins að undanskyldri lóð Náttúrulækningafélags Íslands en félagið rekur sína eigin vatnsveitu. Auk þess nær dreifikerfið til orlofsbyggðarinnar Ölfusborga, Ölfusi skv. sérstökum samningi þar um. Sá samningur var endurnýjaður á árinu 2022.

Heildartekjur vatnsveitu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
52.188	65.988	69.621

47010 Vatnsgjald/Notkunargjald

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir vatns- og notkunargjald skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Álagningarstofn vatnsgjalds er fasteignamat fasteigna sem vatnsins geta notið og er álagningarprósentan fyrir árið 2024 0,02% af fasteignamati fasteigna í A – flokki en 0,17% af fasteignum í B og C-flokki. Innheimta aukavatnsgjalds hjá öllum fyrirtækjum í Hveragerði hófst síðla árs 2007 og mun gjaldið verða 17 kr. pr. tonn árið 2024. Jafnframt er innheimt mælaleiga sem er föst krónutala ákvörðuð af bæjarráði en mælar hafa verið settir upp í fyrirtækjum bæjarins. Mælaleiga verður af minni mælum kr. 9.500,- og af stærri mælum kr. 37.400,-. Er þessi upphæð í samræmi við raunkostnað við mælana.

47050 Stofngjald vatnsveitu

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir heimæðargjald fyrir lagningu heimæða til notenda skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Heimæðargjald er skv. ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni. Gert er ráð fyrir tekjum 15 m.kr. á þessum lið árið 2025.

47110 Vatnsból og dælur

Vatnsveita Hveragerðisbæjar starfrækir tvö vatnsból, á Selhæðum norðan Hamars eru þrjár borholur sem gefa samtals um 60 l/sek. Undir Reykjafjalli er ein borhola sem gefur núna um 20 l/sek. Búið er að bora aðra holur við Reykjafjall og reiknað er með að hún verði tekin í notkun vorið 2025. Hún ætti að gefa um 20l/sek. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að bora fjórðu holuna við Selhæðir.

Meðal vatnspörf bæjarins er nú um 55 l/sek. Vatni er dælt frá báðum stöðum inn á aðveitukerfi vatnsveitunnar. Með tilkomu vatnsbólsins undir Reykjafjalli jókst rekstraröryggi vatnsveitunnar til muna og en einnig var það jákvætt að vatn í því vatnsbóli er kaldara en á Selhæðum og hefur það orðið til þess að vatn er kaldara en áður var.

Til þessa liðar eru settar 15 m.kr. á árinu 2025.

47310 Aðveitu- og dreifikerfi

Aðveitukerfi liggur frá vatnsbólum við Selhæðir að miðlunartanki sem er staðsettur undir austurhlíðum Hamarsins. En vatn frá vatnsbóli undir Reykjafjalli tengist dreifikerfi bæjarins við Sundlaugina í Laugaskarði. Miðlunartankurinn er hluti af aðveitukerfi bæjarins og tekur 750 tonn af vatni.

Hveragerðisbær dreifir vatni um dreifikerfi vatnsveitunnar, frá miðlunartanki til notenda. Dreifikerfið nær frá miðlunartanki að heimæðum. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs dreifikerfisins.

47360 Heimæðar

Vatnsveita Hveragerðisbæjar sér um lagningu allra heimæða og annast og kostar viðhald þeirra. Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu Hveragerðis í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli Hveragerðisbæjar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs heimæða. Gert er ráð fyrir að til þessa liðar verði varið 8,4 m.kr. á árinu 2025.

47610 Stjórnun

Inn á þennan lykil færast gjöld vegna stjórnunar- og skrifstofuhalds vatnsveitunnar, s.s. félagsgjöld, tryggingar og þátttaka í rekstri tæknideildar, mannvirkja - og umhverfisfulltrúa og bæjarskrifstofunnar.

49 FRÁVEITA

Fráveita Hveragerðisbæjar starfrækir fráveitukerfi sem nær frá lóðamörkum lóða í Hveragerði að viðtaka sem er fráveitumannvirki að Vorsabæ. Unnið er að uppbyggingu nýrrar skólphreinsistöðvar samkvæmt uppbyggingaráætlun COWI sem bæjarstjórn samþykkti í byrjun árs 2024.

Fráveitukerfið í Hveragerði er tvöfalt kerfi, skólp- og regnvatnskerfi. Lóðarhafar sjá um viðhald á lögnum frá húsum sínum að lóðarmörkum. Heildartekjur fráveitu hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
139.156	182.404	190.196

49040 Fráveitugjald

Fráveita Hveragerðisbæjar innheimtir fráveitugjald skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. . Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem tengjast fráveitukerfi bæjarins og er álagningarprósentan fyrir árið 2025 0,155% af fasteignamati fasteigna í A, B og C flokki.

49050 Tengigjald fráveitu

Gert er ráð fyrir tekjum, 34,6 m.kr. vegna þessa liðar árið 2025.

49110 Viðhald og rekstur fráveitu

Árið 2026 er gert ráð fyrir efniskostnaði við viðhald er nemur 1 m.kr. og aðkeyptri vinnu að upphæð 10 m.kr.

49130 Skólphreinsistöð

Á vormánuðum árið 2002 var tekin í notkun skólphreinsistöð á bökkum Varmár sem uppfyllir ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Heildarkostnaður við rekstur skólphreinsistöðvar er 107,7 m.kr.. Gert er ráð fyrir verkfræði- og arkitektþjónustu að upphæð 2 m.kr. Einnig eru settar 3,6 m.kr. til viðhalds áhalda, innanstokksmuna og vélasamstæðu. Til viðhalds húss eru settar 1 m.kr. og framlag til viðhalds lóðar verður 1 m.kr. Vegna margþættra ástæðna hefur komið í ljós að afkastageta stöðvarinnar er ekki nægileg og því þarf að ráðast í endurbætur og stækkun stöðvarinnar. Unnið er að uppbyggingu nýrrar skólphreinsistöðvar samkvæmt uppbyggingaráætlun COWI sem bærarstjórn samþykkti í byrjun árs 2024.

57 FÉLAGSBÚSTAÐIR HVERAGERÐISBÆJAR

57010 Stjórnunarkostnaður

Gert er ráð fyrir hlutdeild félagsbústaða í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir kaupum á einu nýju félagslegu leiguhúsnæði.

Auk þeirra eigna sem færðar eru á félagsbústaði þá er íbúð að Breiðumörk 26 í félagslegri leigu. Viðhald og kostnaður vegna þeirrar íbúðar er færður á eignasjóð.

	Heiti eignar	Viðhald 2025
57-21	Heiðmörk 24h	700.000
57-24	Heiðmörk 10	700.000
57-26	Kjarrheiði 13	700.000
57-27	Reykjamörk 1	700.000
57-29	Breiðumörk 25a	700.000

Í flestum tilfellum er um að ræða tilfallandi viðhald eða endurbætur í þágu aðgengismála.

61 FASTEIGNAFÉLAG HVERAGERÐIS

61010 Yfirstjórn

Gert er ráð fyrir 2 fundum í stjórn Fasteignafélags Hveragerðis á árinu 2025. Gert er ráð fyrir endurskoðun og ráðgjafarþjónustu á árinu 2025 0,27 m.kr.. Gert er ráð fyrir hlutdeild fasteignafélagsins í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar.

61100 Hamarshöll

Hamarshöllin féll í febrúar 2022. Enn er þó reiknaðar tekjur af höllinni vegna VSK skuldbindingar.